

FS: Sóknaráætlun landshluta

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir; Gunnar Rafn Sigurbjörnsson
Frá : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Heiti : FS: Sóknaráætlun landshluta
Málsnúmer : 1211317
Málsaðili : Innanríkisráðuneytið
Skráð dags : 14.11.2012 15:25:59
Höfundur : Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Viðhengi skapalón_SL_lokaloka291012.docx [skapalón_SL_lokaloka291012.docx](#)

Eigum við að fá þetta inn á næsta bæjarráðsfund?

Með kveðju,
Guðrún Ágústa

GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500
www.hafnarfjordur.is

From: Steinunn Þorsteinsdóttir
Sent: 14. nóvember 2012 13:18
To: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Subject: FW: Sóknaráætlun landshluta

From: holmfridur.sveinsdottir@irr.is [<mailto:holmfridur.sveinsdottir@irr.is>]
Sent: 14. nóvember 2012 13:16
To: upplýsingar@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; bjarnastadir@alftanes.is; mos@mos.is; kjos@kjos.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; grindavik@grindavik.is; sandgerdi@sandgerdi.is; gardur@svgardur.is; skrifstofa@vogar.is; akranes@akranes.is; grund@simnet.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; valli@simnet.is; stykkisholmur@stykkisholmur.is; evjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; snb@snb.is; dalir@dalir.is; bolungarvik@bolungarvik.is; postur@isafjordur.is; sveitarstjori@reykholar.is; talknafjordur@talknafjordur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; sudavik@sudavik.is; arneshreppur@simnet.is; drangsnes@drangsnes.is; strandabyggd@strandabyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; alla@hunathing.is; arnar@blonduos.is; skagastrond@skagastrond.is; hafnir@simnet.is; hunavatnshreppur@emax.is; dalla@kirkjan.is; akureyri@akureyri.is; nordurthing@nordurthing.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvik@dalvik.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svabardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; gudrunm@myv.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; svabardshreppur@svabardshreppur.is; sveitarstjori@langanesbyggd.is; sfk@sfk.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; borg@eldhorn.is; hreppur@breiddalur.is; djupivogur@djupivogur.is; egilsstadir@egilsstadir.is; radhus@hornafjordur.is; postur@vestmannaeyjar.is; radhus@arborg.is; myrdalshreppur@vik.is; klaustur@klaustur.is; asahreppur@asahreppur.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; hruni@fludir.is; hve@hveragerdi.is; olfus@olfus.is; gogg@gogg.is; skeidgnup@skeidgnup.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@floahreppur.is
Subject: Sóknaráætlun landshluta

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga frá stýrineti Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta.

Hólmfríður heiti ég og er verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta. Sóknaráætlanir landshluta er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga sem hefur það markmið að efla samskipti stjórnsýslustiganna tveggja og færa landshlutunum aukin völd og aukna

Ábyrgð við forgangsröðun og ráðstöfun opinbers fjármagns úr ríkissjóði.

Sóknaráætlanir landshluta er eitt af 29 verkefnum Ísland 2020 og hefur verið í þróun í um eitt og hálf ár. Síðastliðið vor var sett á laggirnar sérstakt stýrinet Stjórnarráðsins (skipað einum fulltrúa frá hverju ráðuneyti og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga) og ráðinn verkefnisstjóri. Verkefnið fer vel af stað og hafa landshlutarnir allir hafið vinnu við sína sóknaráætlun.

Sóknaráætlanir byggja á nýju verklagi þar sem um er að ræða nýja nálgun í svæðasamvinnu og byggðaðþróun sem nær til alls landsins og því mikilvægt að sveitarstjórnarmenn séu vel upplýstir um verkefnið. Fulltrúar stýrinetsins hafa undanfarnar vikur kynnt sóknaráætlanir á ársfundum allra landshlutasamtaka, auk þess að funda með þeim sveitarstjórnnum sem þess hafa óskað. **Með þessum pósti vil ég, fyrir hönd stýrinets, vekja athygli sveitarstjórna á þeim möguleika að fá fulltrúa stýrinetsins á sinn fund óski þær eftir nánari upplýsingum um verkefnið.**

Með sóknaráætlunum er hverjum landshluta gert að skipa samráðsvettvang sveitarstjórna, stoðstofnana, atvinnulífs, fræðasamfélags og annarra haghafa, þar sem gætt er lýðræðis-, búsetu og kynjasjónarmiða. Samráðsvettvangnum er ætlað að móta framtíðarsýn og forgangsraða markmiðum og aðgerðum sem grípa þarf til. Ábyrgð og ut anumhald verkefnisins er hjá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Það er því ekki hvað síst mikilvægt að kjörnir fulltrúar taki þátt í þeirri vinnu. Gert er ráð fyrir að sóknaráætlun liggi fyrir við upphaf Þorra, þann 25. janúar 2013.

Segja má að samráð sé eitt af megininkennum sóknaráætlana landshluta. Samráðið er þrjúþætt, þ.e. á milli stjórnsýslustiganna tveggja, ríkis og sveitarfélaga, samráð innan hvers landshluta (samráðsvettvangur) og aukið samráð innan Stjórnarráðsins (stýrinetið).

Ég hvet þau sveitarfélög sem áhuga hafa til að hafa samband við mig og við finnum í sameiningu heppilegan fundartíma. Í hagræðingarskyni væri æskilegt að nýta ferðir þannig að nágrannasveitarfélög hafi sameiginlega kynningarfundir eða að fulltrúi stýrinets geti haft fleiri en einn fund sama dag, sé þess kostur.

Meðfylgjandi er leiðbeinandi skjal (skapalón) sem landshlutarnir eru beðnir um að fylgja við gerð sóknaráætlunar. Þar er jafnframt að finna nánari lýsingu á verkefninu.

Með góðum kveðjum,
Hólmfríður Sveinsdóttir.

Hólmfríður Sveinsdóttir
verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta
Byggðastofnun / Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsögötu 7, 150 Reykjavík
Símar: 545 8200 og 862 1104
Netfang: holmfridur.sveinsdottir@irr.is

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)
[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)